

Skipulagsstjóri
Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



Reykjavík 30. nóvember 2016
UST201610-207/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Garðabær 2016 – 2030, forkynning

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 27.október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030.

Greinargerð

Umhverfisstofnun tekur undir helstu áherslur s.s. um öruggt og vandað búsetuumhverfi, græn svæði og góð tengsl byggðar við náttúru og markmið um stígakerfi. Einnig tekur stofnunin undir þau friðlýsingaráform er fram koma í tillögunni og önnur markmið varðandi umhverfi.

Efnislosunarsvæði

Í greinargerð kemur fram að áætlað er nýtt kirkjugarðssvæði í Smalaholti. Einnig kemur fram að nýta þarf svæðið sem jarðvegstipp til það verði grafartækt. Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf skilmála um meðhöndlun svifryks þegar kemur að nýtingu svæðisins sem efnislosunarsvæðis svo ekki verði svifrykssmengun á nærliggjandi svæðum.

Óbyggð svæði

Á uppdrætti er fylgir drögum að aðalskipulagstillögu kemur fram að í sveitarfélaginu er mörg náttúruminja- og útivistarsvæði bæði hverfisvernduð og friðlýst. Umhverfisstofnun bendir á að oft liggja samgönguæðar milli íbúðahverfa og þessara grænu svæða og skera þau þannig hvort frá öðru, s.s milli byggðar á norðaustanverðu Urriðaholti og hverfisverndaðs svæðis (Hádegishóll/græni trefillinn). Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að góðar tengingar séu milli íbúðasvæða og grænna svæða þar sem yfir/undir samgönguæð er að fara.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Umhverfisstofnun bendir á mögulegt misræmi milli texta og uppdráttar hvað varðar útlífsmiðstöð 4.24-Af (á uppdrætti er 5.26 Af).

Stígakerfi

Umhverfisstofnun tekur undir áherslur aðalskipulagstillögunnar varðandi stofnstíga, enda mikilvægt að auka hlutfall þeirra sem fara ferðir sína gangandi og hjólandi. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir áherslur í aðalskipulagstillögunni er varða almenningssamgöngur

Veitukerfi

Í greinargerð kemur fram að fráveitumálum verði komið fyrir þannig að þau valdi ekki skaða á umhverfinu og að fráveitumál í dreifbýli verði leyst í samræmi við ákvæði mengunarvarnarreglugerðar. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar varðandi rotþrær þar sem við á.

Verndarákvæði og takmörkun á landnotkun

Umhverfisstofnun tekur undir það að náttúruvernd í Garðabæ sé umfangsmikil, en bendir þó á að sannarlega hefur verið hoggið stórt skarð í hóp friðlýstra svæða þegar náttúruvættið Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár er ekki lengur í þeim hópi sbr. auglýsingu í stjórnartíðindum nr. 380/2016 en þar kemur fram að auglýsing nr. 511/2014 sem fjallar um friðlýsingu náttúruvættisins er felld niður. Umhverfisstofnun telur miður að náttúruvættið er ekki lengur friðlýst og bendir á að lagfæra þarf greinargerð tillögunnar til samræmis við niðurfellinguna.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 60/2013 gefur ráðherra út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti og birtir með auglýsingu í Stjórnartíðindum þegar Alþingi hefur samþykkt þingsáætlun um framkvæmdaáætlun. (sjá 33. gr. laganna). Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta: 1, A-hluti sem er skrá yfir friðlýsta svæði. 2, B-hluti sem er framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun næstu 5 árin. 3, C-hluti sem er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friða eða friðlýsa. Umhverfisstofnun bendir á að það er ekki rétt sem kemur fram í texta á bls. 52 en þar segir: „...aðra náttúruvernd sem eru svæði á náttúruminjaskrá sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa.“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hafa öll svæði á náttúruminjaskrá merkt inni á skipulagsuppdrætti hvort sem svæðin falla í flokk A, B eða C skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í upphafi kaflans segir að fjallað sé um hverfisvernd í kafla 5.3 en í raun er fjallað um hverfisverndarsvæði í kafla 5.6.


Umhverfisstofnun bendir á að hverfisverndað svæði 5.20 Hv Urriðavatnshraun er heildstæð hrauntröð sem hefur að geyma fagrar hraunmyndanir og telur stofnunin mikilvægt að slíku nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, verði ekki raskað. Að mati stofnunarinnar nær óbyggðt svæði sem er merkt 5.17 Íp inn á inn á hrauntröðina og telur stofnunin afar mikilvægt að einstökum hraunmyndunum verði ekki raskað. Nú þegar eru teigar golfvallar á svæði 5.17 nærri hrauntröðinni sem er útivistarsvæði og er mikilvægt að þess sé gætt að gangandi útivistarfolk sé ekki í hættu vegna þess að golfvöllur er nærri.


Íbúðabyggð

Þegar fjallað er um kosti varðandi þróun íbúðabyggðar er í umhverfisskýrslu talað um að byggðaflekum verði bætt við Haukshús og Þórukot. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að –Íb númer svæðanna fylgi með í umfjöllun í greinargerð til að auðvelda lestur. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við það að byggð er áætluð við Þórukot og Haukshús, enda byggingar áætlaðar á gömlum túnnum og fjær fjörunni en er í eldri hverfum sem er jákvætt og eykur útivistarmöguleika.

Suðursvæði. Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til áætlunar um að setja veg í stökk eða göng undir Setbergsholt. Í texta kemur fram að þar sem áætluð byggðasvæði á Setbergsholti eru ekki í góðum tengslum við núverandi byggð í Garðabæ, þá er gert ráð fyrir þeim svæðum aftast í áfangaröð varðandi byggðaðróun. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til áætlunar um að setja veg í göng undir Setbergsholt þegar nánara skipulag svæðisins verður kynnt.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur